

**Nd.**

**223. Breytingartillögur**

[86. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. 4. gr. orðist svo:

Að fengnum tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.

2. 6. gr. orðist þannig:

Forstöðumaður hagrannsóknadeildar nefndist hagrannsóknarstjóri. Starf hans skal heyra beint undir forsætisráðherra.

Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

Deildin er ríkisstjórninni til sérfræðilegs ráðuneytis í efnahagsmálum og annast hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst.

3. Við 10. gr. 2. málsg. orðist svo:

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin leita umsagnar aðila vinnu- markaðarins og þeirra ráðuneyta, sem fara með málefni atvinnuveganna. Einnig skal hafa samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, og er heimilt að fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar.

4. Á eftir 11. gr. bætist ný grein, er verður 12. gr., svo hljóðandi:

Forstöðumaður áætlunardeildar annast daglega stjórn deildarinnar undir yfirumsjón forstjóra. Hann undirbýr fjárhagsáætlun deildarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Hann gerir tillögur til framkvæmdaráðs um ráðningu starfsfólks. Hann sér um, að þær áætlanir séu undirbúnar, sem ákveðið hefur verið að gera samkvæmt 3. og 5. gr. og III. kafla, og sér um, að fylgt sé með framkvæmd þeirra áætlana, sem samþykktar hafa verið.

5. 12. gr. (verður 13. gr.) orðist svo:

Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

6. Við 13. gr. (verður 14. gr.). Á eftir orðunum „nýrrar fjármögnunar“ komi: Skulu þær athuganir lagðar fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

7. Við 16. gr. (verður 17. gr.). 1. málsgrein falli niður.

8. Á eftir 17. gr. bætist ný grein, er verði 19. grein og orðist svo:

Forstöðumaður lánadeildar annast daglega stjórn deildarinnar undir yfirumsjón forstjóra. Hann undirbýr fjárhagsáætlun deildarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Hann gerir tillögur til framkvæmdaráðs um ráðningu starfsfólks. Hann sér um, að tæknilegar og fjárhagslegar athuganir fari fram á lánsúmsóknum til Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og að upplýsingar liggi fyrir um efnahag, fjármál og rekstur þeirra fyrirtækja, sem um lán sækja, og undirbýr í samráði við forstjóra tillögur um einstakar lánveitingar. Þá fylgist hann með, að lán séu tryggð með eðlilegum hætti, að útborgun lánsfjár fari fram í samræmi við sett skilyrði, og hefur yfirumsjón með innheimtu lána.

9. Við 26. gr. (verður 28. gr.). Í stað orðsins „Byggðasjóður“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi: Byggðajafnvægissjóður.

10. Við 28. gr. (verður 30. gr.). 2. töluliður orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði skal vera 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1972, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1972.

11. 32. gr. (verður 34. gr.) orðist svo:

Framkvæmdaráð gerir árlega frumvarp að áætlunum um heildarútlán Byggðasjóðs, m. a. á grundvelli byggðaaætlana. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvörðun í samráði við ríkisstjórnina um frumvarp framkvæmdaráðs og um forgang byggðaaætlana svo og um einstakar lánveitingar Byggðasjóðs að fengnum umsögnum deildarstjóra lánadeildar, hagdeilda viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækja, viðkomandi landshlutasamtaka sveitarfélaga svo og þeirra stofnlánasjóða, sem gert er ráð fyrir að láni í viðkomandi framkvæmd.